

Þriðjudaginn 24. nóvember 2020 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 40/2020

HRFÍ

gegn

X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 18.9.2020 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para dvergschnauzer rakkann A við tíkina B án þess að hann væri með gilt augnvottorð við pörun.

Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 18.9.2020 og gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærði svaraði efnislega. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ.

Skv. undanþágu sem stjórn veitti ræktendum gildir svigrum vegna augnskoðunar aðeins um þau got þar sem pörun átti sér stað eftir síðustu augnskoðun sem haldin var 6-7. febrúar sl. og getur siðanefnd því ekki stutt beiðni um svigrúm vegna aðstæðna enda á ábyrgð þeirra sem nota hunda sína til ræktunar að kanna hvaða reglur gilda um ræktun áður en hún á sér stað.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber enn fremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarskoðun.



IV. Niðurstaða

Kærði telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í reglugerð um ættbókarskráningu HRFÍ.

Kærði hlýtur áminningu fyrir ofangreint brot.

f.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir